

„Við eigum bara að loka“

— segja símamenn, og segjast vera að kafna í óreiðuskuldum innan lands og utan. — Vilja að stofnunin geri hreint fyrir sínum dyrum

„Eðlilegast væri að loka stofnuninni þar til viðunandi lausn sé fundin á fjárhagserfiðleikum Pósts og síma,“ segir meðal annars í ályktun landsfundar Íslenskra

símamanna, sem haldinn var á Húsavík dagana 2. til 5. október sl.

A landsfundinum voru mörg mál til umræðu og margar ályktanir samþykktar. Meðal annars var fjallað um fjárhagsaðstöðu Pósts og síma og þá

miklu örðugleika, sem sú stofnun hefur átt í m.a. vegna ófullnægjandi verðhækkana á þjónustu, sem stofnunin lætur í té.

Fundurinn telur, að póst- og símamálastjóri hafi ekki gert yfirstjórn þessara mála nógu skýra grein fyrir þörfum stofnunarinnar, og þess vegna ríki nú

ófremdarástand í stofnuninni.

Kunnugt er um, að stofnunin er að kafna í óreiðuskuldum bæði innanlands og utan. Hún hefur fleytt sér áfram á fé, sem hún innheimtir fyrir ríki og einkaaðila, og svo langt hefur hún gengið, að hún hefur ekki getað skilað þessu innheimtu fé á réttum gjalddögum. Skorar fundurinn á póst- og símamálastjóra, að hann geri ríkisvaldinu skýra grein fyrir ástandi mála.

Verði ekki orðið við þessari áskorun álitur fundurinn, að eðlilegast væri að loka stofnuninni, þangað til lausn sé fundin á fjárhagserfiðleikum hennar. —BS—

DB

frjálst, óháð dagblað

Fimmtudagur 9. október 1975

Geyma bílinn vikum saman á bílastæðinu

— sólarfólk skapar vandamál á Keflavíkurflugvelli

Þó ótrúlegt sé þá er beint samband á milli ferða landans til sólarlanda og fullskipaðra bílastæða á Keflavíkurvelli. Þegar sólarlandaferðir standa sem hæst, þá eru bílastæðin þéttsetin nætur og daga vikurnar út. Fer það í vöxt að fólk skilji bíla sína þar eftir, meðan farið er í 2–3 vikna sólbæði í Suðurlöndum. Bílastæðið við brottfararhúsið er ekki ætlað til slíkrar geymslu bíla og er á engan hátt gætt sem slíks. Veldur þetta umferðar-teppu sem oft hefur leitt til skemmda á hinum kyrrstæðu bílum, sem síðan hefur ekki tekizt að upplýsa, loksins þegar þært er eftir 1–2 vikur. —AST.

Sprúttisala og ölvun í heimahúsum

Tveir bifreiðastjórar á sömu leigubílastöðinni hafa játað ólöglega sölu áfengis. Hja þeim báðum er um að ræða sölu á 10–20 flöskum og hefur salan farið fram á u.þ.b. mánadartíma.

Böndin bárust að bílstjórunum, þegar lögreglan var að rannsaka önnur mál. Tengdust þau ölvun í heimahúsum og kom þá fram að áfengis til svallsins hafði verið aflað á ólöglegan hátt. —AST.

GRÁMÓSKULEGT Í MORGUNSÁRIÐ



Þokan grúfði heldur betur yfir höfuðborginni þegar menn vöknudu í morgun og neru stýrnar úr augunum.

Að vísu var henni heldur farið að létta, þegar þessi mynd var tekin, svo að lítil hætta var lengur á að ganga á

næsta mann.

Lögreglan upplýsti að engir árekstrar hefðu orðið í þokunni, svo að bifreiðastjórar

hafa sennilegast ekið með fullum ljósum og viðhaft allar varúðarráðstafanir við aksturinn. Ljós. Björgvin.

Vopnafjarðarbátar:

Geta ekki sinnt tilkynningaskyldu

Vopnafjarðarbátar geta ekki fullnægt tilkynningaskyldu vegna þess, að ekki heyrir til þeirra í næstu strandstöðvum. „Þetta er alvörumál,“ sagði Haraldur Sigurðsson, verkfræðingur hjá Radió-tæknideild Landssímans í viðtali við DAGBLAÐIÐ. „Stofnunin vildi geta bætt úr þessu, en að óbreyttu ástandi er það ekki hægt, nema rýra þjónustu við talsímanotendur,“ sagði Haraldur.

„Okkur er ljóst, að á þessu svæði eru erfiðleikar fyrir minnstu báta vegna lítils styrk-

leika stöðvanna og lágra loftneta.“

Utan venjulegs símatíma er ein lína notuð til þess að bera sjálfvirk tilkynningar þessara báta. Á símatímanum eru allar línur fastar fyrir talsímaþjónustuna.

Hér er því um tvennt að ræða. Annaðhvort að hafa talstöðvarþjónustu í landi á Vopnafirði eða bæta við símalínu. Hvor leiðin sem farin yrði útheimtir mikið fé, og því vaknar spurningin: Hvað má kosta miklu til að auka öryggisþjónustuna?

—BS.

Tölvun bankanna í lamasessi:

FÓR HÚN OF SNEMMA Í KVENNAFRÍ?

„Fall er fararheill“, sagði Einar Pálsson forstöðumaður Reiknistofu bankanna, er fréttamaður DAGBLAÐSINS spurði hann í morgun, hvernig biluðu tölvunni líði.

Einar sagði, að þessi bilun væri algerlega véltæknilegt vandamál. Vonaðist hann til að viðgerð lyki í

dag. Hann kvað nokkuð hafa seinkað því efni, sem Reiknistofan lætur bönkunum í té. Hins vegar hvorki seinkaði það né frestaði afgreiðslu þeirra og teðði ekki daglegan rekstur. „Skýrsluvélar ríkisins hlupu strax undir bagga með okkur,“ sagði Einar, „og það hefur hjálpað okkur vel í þessum

byrjunarörðugleikum með tölvuna.“

Gárungarnir segja, að tölvuna klæi orðið svo í lófana eftir að hefja daglegt eftirlit með ávisanaskiptum, að hún hafi farið í mótmælaverkfall. Aðrir segja, að hún sé kvenkyns og hafi farið dagavillt. —BS—

Bílar grýttir og beyglaðir —á Keflavíkurflugvelli

Lögreglan á Keflavíkurflugvelli stóð í fyrirkvöld frammi fyrir óvenjulegum vanda. Þrjár bílar höfðu verið illa leiknir sýnilega eftir aðför að þeim af ásetningu. Sparkað hafði verið í

hurðir og Brettir og einn bíllanna grýttur. Þarna er um mikið tjón að ræða.

Bílar þessir voru á dreifðu svæði en þó ekki ýkja stóru, tveir bíllanna voru í eigu isl. að-

ila en bandarískur varnarliðsmaður er eigandi hins þriðja. Grunur leikur á að afbrýði eða öfund geti átt þátt í árásinni á þann bílinn sem grýttur var. Málið er í rannsókn. —AST.